



UMHVERFISSTOFNUN

Laugarás

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024

Tillaga til kynningar, mars 2015

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1–3
1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	1–3
1.2. Eignarhald og umsjón	1–3
1.3. Verndargildi og verndarflokkur	1–3
2. LÝSING Á SVÆÐINU	2–4
2.1. Mörk náttúruvættisins	2–4
2.2. Náttúruminjar	2–4
2.3. Innviðir og mannvirki	2–4
2.4. Útivist	2–5
2.5. Fræðsla	2–5
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	3–6
3.1. Náttúruminjar	3–6
3.1.1. Verndun jarðminja	3–6
3.1.2. Gróður og dýralíf	3–6
3.2. Innviðir og mannvirki	3–6
3.3. Útivist	3–7
3.4. Fræðsla	3–7
AÐGERÐAÁÆTLUN	3–8
VIÐAUKI I	3–9
VIÐAUKI II	3–10

1. Inngangur

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1982. Svæðið er staðsett efst á Laugarásholti í Langholtshverfi í Reykjavík. Á svæðinu eru jarðminjar í formi jökulrispaðs bergs og einnig má sjá ummerki um sjávarstöðu í lok ísaldar.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins. Verndar- og stjórnunaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Nánari lýsingu og fróðleik um Laugarás er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>

1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971. Ástæða friðlýsingarinnar var vilji til að halda opnu svæði þar sem unnt er að skoða jökulrispað berg.

Í Reykjavík er í gildi aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030 sem var samþykkt í borgarstjórn 26. nóvember 2013. Tekið er tillit til friðlýsingar Laugaráss í skipulaginu. Deiliskipulag fyrir svæðið í heild var samþykkt þann 29. júní 1983 sjá fylgisskjal 3.

1.2. Eignarhald og umsjón

Náttúruvættið Laugarás er í eigu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 hefur Umhverfisstofnun umsjón með svæðinu, en Reykjavíkurborg var falin dagleg umsjón þess og rekstur svæðisins með umsjónarsamningi árið 2015.

1.3. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi Laugaráss felst fyrst og fremst í verndun jarðminja á svæðinu, en þar er að finna grágrýtisklappir sem eru í senn jökulsorfnar og bera ummerki um hæstu sjávarstöðu við lok ísaldar í Reykjavík.

Laugarás er friðlýstur sem náttúruvætti og fellur í verndarflokk III samkvæmt friðlýsingarflokkun IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna). Í þessum flokki eru náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d. fossar, eldstöðvar, hellur, drangar, fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk náttúruvættisins

Náttúruvættið Laugarás er 1,5 hektarar að stærð. Það er staðsett efst á Laugarásholti í Langholtshverfi í Reykjavík. Mörk svæðisins má sjá á mynd í viðauka II.

2.2. Náttúruminjar

Jarðminjar í Laugarási eru afmarkaðar við hæsta punkt. Þar er að finna grágrýttisstórgrýti, ávalar klappir og hnullunga sem talin eru vera um 200 þúsund ára og eru hluti af Reykjavíkurgrágrýtismynduninni. Jöklar ísaldar mótuðu grágrýtið og má sjá jökulrákir á stærri hnullungunum. Við lok ísaldar hækkaði sjávarborð og var Laugarás einn af fáum stöðum sem var ekki neðansjár þegar sjávarstaðan var sem hæst og má sjá ummerki um það á svæðinu. Jarðminjar svæðisins veita mikilvæga sýn í jarðsögu Reykjavíkur og upplýsingar um loftslags- og landháttabreytingar.

Jarðminjarnar eru víða þaktar mosa og hrúðurfléttum. Áður fyrr var holtagróður ríkjandi á svæðinu, en hann á nú undir högg að sækja vegna lúpínu og trjágróðurs. Lúpínan er algeng á svæðinu og myndar stórar og þéttar breiður og sem stundum skyggja á eða hylja jarðmyndanirnar. Heildarþekja lúpínu á svæðinu er um 50-60%. Birki er algengasta trjátegundin á svæðinu, en einnig er mikið um selju. Aðrar trjátegundir sem finnast eru reynir, viðja, alaskavíðir, loðvíðir, stafafura og elri.

Ýmsir fuglar halda til á svæðinu, s.s. stari, svartþröstur og auðnutittlingur. Flugur og fiðrildi eru mest áberandi af skordýrum, einkum hunangsflugur, geitungar, birki- og víðifetar og ýmsar tvívængjur. Innan um gróðurinn er nokkuð um hattsveppi.

2.3. Innviðir og mannvirki

Í náttúruvættinu hefur verið lagður göngustígur frá bílastæði við Vesturbrún upp að hæsta punkti svæðisins. Við göngustíginn stendur fræðsluskilti. Töluvert margir aðrir stígar, misgreinilegir, hafa myndast í gegnum svæðið, en um er að ræða troðninga en ekki eiginlega stíga. Flestir þeirra liggja að hæsta punkti svæðisins, en þar er steypustöpull sem skilgreinir mælingapunkt frá Landmælingum Íslands.

Bílastæði eru við jaðar svæðisins að sunnanverðu í Vesturbrún sem ætluð eru gestum Áskirkju en nýtast vel þeim sem vilja heimsækja svæðið. Við göngustíg rétt utan friðlýsta svæðisins að norðaustanverðu er nýlegur bekkur og ruslafata. Þá er bekkur við Vesturbrún við suðurenda svæðisins og annar hinu megin við götuna hjá Áskirkju.

2.4. Útivist

Laugarás hefur mikið gildi sem útivistarsvæði. Svæðið liggur hátt og er útsýni gott til allra átta, yfir borgarlandið, sundin og til fjalla. Svæðið er í miðri íbúabyggð og er nálægt öðrum mikilvægum útivistar- og náttúrusvæðum, Laugardal og Laugarnesi.

2.5. Fræðsla

Laugarás hefur mikið fræðslu- og menntunargildi, t.d. fyrir nálæga leik- og grunnskóla, sem og almenning. Jarðminjarnar veita tækifæri til fræðslu á sviði jarðfræði, jarðsögu og landafræði. Gróðurfar svæðisins veitir tækifæri til fræðslu í grasafræði, vistfræði og annarri náttúrufræði. Þá halda spörfuglar sig á svæðinu og ýmis smádýr.

Staðsetning svæðisins í miðju þéttbýli gefur tækifæri til fræðslu í umhverfisfræði um tengsl manns og náttúru, áhrif garðyrkju á náttúruleg gróðurlendi, sorp og aðra mengun og fleira. Útsýnið yfir Reykjavík veitir tækifæri til fræðslu í landafræði Reykjavíkur, byggingar- og skipulagssögu, arkitektúr og fleira.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Náttúruminjar

3.1.1. Verndun jarðminja

Vernda skal jarðminjar náttúruvættisins Laugaráss og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna rýri ekki ásýnd þeirra eða breyti landslagi svæðisins. Uppbyggingu innviða skal vera þannig háttað að þeir falli vel að landslaginu og rýri ekki ásýnd svæðisins. Tryggja skal að ástand og sýnileiki jarðmyndana verði eins og best verður á kosið. Við skipulag og framkvæmdir innan svæðisins skal verndun jarðminja höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir

- Kort af jarðminjum svæðisins verður gert aðgengilegt fyrir almenning.

3.1.2. Gróður og dýralíf

Unnið skal að því að halda framandi og ágengum tegundum í skefjum á svæðinu. Langtímamarkmið er útrýming þeirra. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu.

Aðgerðir:

- Gróðurkort af svæðinu verði uppfært reglulega í því skyni að fylgjast með útbreiðslu lúpínu og trjágróðurs.
- Lúpínu og öðrum stórvöxnum gróðri sem skyggir á jarðmyndanir verður haldið í skefjum.

3.2. Innviðir og mannvirki

Lögð er áhersla á að allar endurbætur og uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu sé unnin í sátt við jarðminjar svæðisins og með þeim hætti að jarðminjum og verndargildi svæðisins sé ekki raskað. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Reglulegt viðhald skal vera á öllum innviðum svo að sómi sé af.

Aðgerðir

- Fylgst verður með ástandi göngustíga og þeim viðhaldið eftir þörfum.
- Sett verður upp aðkomuskilti við svæðið þar sem fram koma upplýsingar um svæðið og gönguleið.



3.3. Útivist

Stefnt skal að því að stuðla að aukinni ánægju íbúa í nágrenninu með svæðið. Laugarás er staðsettur í miðri íbúabyggð og er því mikilvæg tenging íbúa við græn svæði í borginni og svæðið nýtist því borgarbúum til afþreyingar og yndisauka. Með því að halda svæðinu snyrtilegu og sinna viðhaldi mannvirkja mun ánægja gesta svæðisins aukast.

3.4. Fræðsla

Fræðsluefni um náttúruvættið, jarðminjar, verndargildi og þær umgengisreglur sem gilda á svæðinu skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að gestir, nemendur og íbúar í nágrenni svæðisins læri að meta, skilja og tengjast náttúruminum svæðisins og þannig stuðla að góðri umgengni.

Aðgerðir

- Góðar upplýsingar um náttúruvættið verði aðgengilegar á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar þar sem m.a. er fjallað um möguleika á nýtingu svæðisins til fræðslu.

Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun þessi er samantekt á þeim aðgerðum sem vinna skal að á gildistíma verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Aðgerðaáætlunina skal endurskoða samhliða verndar- og stjórnunaráætlun og oftár ef þurfa þykir að mati Umhverfisstofnunar eða Reykjavíkurborgar.

Náttúruminjar

- Reykjavíkurborg mun gera kort af jarðminjum svæðisins aðgengilegt fyrir almenning fyrir árið 2018

Gróður og dýralíf

- Reykjavíkurborg mun uppfæra gróðurkort á fimm ára fresti í því skyni að fylgjast með útbreiðslu lúpínu og trjágróðurs.
- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg munu árlega vinna að því að halda lúpínu og öðrum stórvöxnum gróðri sem skyggir á jarðmyndanir í skefjum.

Innviðir og mannvirki

- Reykjavíkurborg mun fylgjast með ástandi göngustíga árlega og annast viðhald eftir þörfum.
- Reykjavíkurborg mun, með hliðsjón af umsjónarsamning, setja upp aðkomuskilti við svæðið þar sem fram koma upplýsingar um svæðið og gönguleið.

Fræðsla

- Góðar upplýsingar um náttúruvættið skulu vera aðgengilegar á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016. Þar skulu vera upplýsingar um möguleika svæðisins til fræðslu.

Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 41/1982.

Sérprentun nr. 417.

Auglýsing um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Laugarás í Reykjavík náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Að vestan frá stað gegnt Vesturbrún 26 merktum 1 á korti (hnit $x=19153.59$, $y=17852.25$), austur að punkti 2 ($x=19144.69$, $y=17855.53$). Þaðan til norðurs að punkti 3 ($x=19149.32$, $y=17885.30$). Þar beygja mörkin til norðausturs að punkti 4 ($x=19129.33$, $y=17929.27$), þá til suðausturs að punkti 5 ($x=19090.30$, $y=17916.55$), og enn til suðausturs að punkti 6 ($x=19037.75$, $y=17842.99$), áfram til suðurs að punkti 7 ($x=19037.36$, $y=17769.37$). Síðan til suðausturs að punkti 8 ($x=19007.14$, $y=17745.28$) sem er rétt austan við gatnamót Dyngjuveggar. Þaðan fylgja mörkin götubrún í vestur að punkti 1. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951).

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Óheimilt er að raska landi á hinu friðlýsta svæði eða skerða jarðmyndanir á nokkurn hátt.
2. Gangandi mönnum er heimil umferð um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil.
4. Stefnt skal að verndun gróðurs sem eimkennt hefur Laugarás.
5. Umsjón náttúruvættisins skal veri í höndum umhverfismálaráðs Reykjavíkur sem samþykkir legu og gerð gagnstíga, uppsetningu bekkja og hvers konar búnað til þæginda fyrir vegfarendur. Girðing við lóðamörk skal einnig vera í umsjá umhverfismálaráðs. Önnur mannvirkjagerð er óheimil á hinu friðlýsta svæði.
6. Áætlun um deiliskipulag á öbyggðu svæði við náttúruvættið skal háð samþykki [Umhverfisstofnun]. Í henni skal miðað við að mesta húshæð verði 47.5 m y. s. og mannvirki verði ekki nær náttúruvættinu en 4-8 m og á austurmörkum ekki nær því en 8 m.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] og umhverfismálaráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius

Viðauki II

Kort af svæðinu

